

# Sýnir í Artótekinu

GUÐBJÖRG Lind Jónsdóttir sýnir um þessar mundir í Artóteki Borgarbókasafns Reykjavíkur. Guðbjörg lærði myndlist í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist frá málaraeild árið 1985 og frá kennaraeild sama skóla þremur árum síðar. Sýningin í Artótekinu er 21. einkasýning Guðbjargar og hefur hún m. a. sýnt í Listasafni ASÍ, Hafnarborg, Listasafni Ísafjarðar og Hallgrímskirkju. Hún hefur tekið þátt í á fjórða tug samsýninga á Íslandi og erlendis. Guðbjörg hefur setið í nefndum og sinnt ýmsum störfum fyrir hönd Félags íslenskra myndlistarmanna. Listaverk eftir Guðbjörgu eru í eigu fjölmargra listasafna, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi og erlendis. Á sýningunni eru olíumálverk, vatnslitamyndir og skúlptúrar. Um hana segir Guðbjörg sjálf: „Ég ákvað að nota tækifærið og líta yfir farinn veg, því það er svo lærdómsríkt að skoða



Guðbjörg Lind Jónsdóttir

samhengi hlutanna. Þá kviknaði sú hugmynd að draga fram verk sem ég málaði á árunum 1997-1998 og sýnt var í Listasafni ASÍ í janúar 1999 á sýningunni Áfangar á kyrru hafi. Verkið heitir Breiðafjörður og er einskonar eyjasafn, þar sem ég safna saman á einn flöt mörgum eyjum. Verkið kallast á við önnur verk sem ég hafði málað af stökum eyjum bæði fyrir þessa sýningu og sýningu mína Við ystu sjónarrönd 1996. Þessar eyjar voru mjög skúlptúrískar eða formfastar enda vann ég þær einnig í þrí-

vídd úr pappmassa og raðaði þeim upp með málverkunum. Í sumar þáði ég boð um að taka þátt í sýningunni Small Islands á Prince Edwards Islands í Kanada. Fyrir sýninguna vann ég myndröð í vatnslit á pappír. Ég áttaði mig ekki á því strax en sé það núna að verkið Breiðafjörður hefur í þessum pappírsverkum eignast afkvæmi sem öll eru stök og sjálfstæð en samt hluti af heild.“ Sýningin stendur til 18. nóvember.